



Fornleifaskráning á frá Skaftafelli að  
Rauðabergi í A- og V- Skaftafellssýslum



Bjarni F. Einarsson  
2020

Forsíðumyndin sýnir Vígakeldur, fornleifar nr. 58. ( Horft mót A. Ljósm. BFE).

## **F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Orkufjarskipti hf  
Ágúst 2020

### ***Inngangur***

Að beiðni Orkufjarskipta hf kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á svæði sem fyrirhugað er að leggja ljósleiðara frá Skaftafelli í Öræfum að Rauðabergi í V-Skaftafellssýslu. Er línuleiðin sýnd á mynd 1.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 14. og 15. ágúst síðastliðinn. Veður var gott báða dagana.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár.

Um kortavinnu sáu Orkufjarskipti hf og fulltrúi verkkaupa var Benedikt Haraldsson hjá Orkufjarskiptum.

| Nr.     | Teg.                   | Fj. | Hættumat    | Hætta    | Ástand   | Aldur      | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv.    |
|---------|------------------------|-----|-------------|----------|----------|------------|------------|-----------------|-----------|----------|
| 58      | Staður tengdur þjóðtrú | 1   | Ljósleiðari | Talsverð | Ágætt    | 1550-1900  | Lítið (3)  | Lítið (3)       | Nei       | Engar    |
| 59      | Garður                 | 1   | Ljósleiðari | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900  | Lítið (3)  | Lítið (3)       | Nei       | Engar    |
| 60      | Reiðgötur              | 1   | Ljósleiðari | Lítill   | Sæmilegt | 1550-1900  | Lítið (2)  | Lítið (2)       | Nei       | Engar    |
| 61      | Túngarður              | 1   | Ljósleiðari | Mikil    | Ágætt    | 1550-1900  | Lítið (3)  | Lítið (3)       | Nei       | Þversnið |
| 62      | Landamerki             | 1   | Ljósleiðari | Engin    | Ágætt    | -1900      | Lítið (3)  | Lítið (3)       | Nei       | Engar    |
| 63      | Garður                 | 1   | Ljósleiðari | Mikil    | Sæmilegt | -1900      | Lítið (2)  | Lítið (2)       | Nei       | Þversnið |
| 64      | Túngarður              | 1   | Ljósleiðari | Mikil    | Sæmilegt | 1550-1900  | Lítið (3)  | Lítið (3)       | Nei       | Þversnið |
| Samtals |                        | 7   |             |          |          | Meðaleink. |            |                 |           |          |

Tafla yfir skráðar fornleifar á leið ljósleiðarans. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna.

### Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).


Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.



Mynd 1. Yfirlit yfir alla leiðina með fornleifum. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Orkufjarskipti hf-Fornleifafræðistofan).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Austast á bæjarstæðinu eru þrjár fornleifar friðlýstar, en það eru garður, kirkjugarður og kirkja Núpstaðar. eru aðeins fáeinir metrar á milli garðsins og yngsta hússins á bænum.

Samtals voru sjö fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Í mikilli hættu voru þrjár fornleifar/minjar, tvennar



Mynd 2. Staðsetning fornleifa/minja vestast á könnunarsvæðinu. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Orkufjarskipti-Fornleifafræðistofan).

í talsverðri hættu, einar í lítilli hættu og einar í engri hættu. Minnt er á 15 m regluna í þessu sambandi.

Túngarðurinn (nr. 61) við Núpstað er að mestu leiti ekki í mikilli hættu, en ef farið er í gegnum hliðið við traðirnar mun það kalla á framkvæmdaeftirlit og líkur á því að í tröðunum sé mikið af fornleifum alla leið að bænum. Einnig er hættu á að garðurinn, traðirnar og rústir skaddist þegar vélar fara í gegnum hliðið, en mikið er af rústum á þessu svæði. Því er eindregið mælt með því að færa ljósleiðarann austur fyrir túngarðinn og upp túnið í beina stefnu að bænum. Sú lausnt kallar einnig á framkvæmdaeftirlit þegar komið er að bænum. Túnakort er ekki tiltækt yfir bæinn og engar fornleifar sáust í túninu og því þarf ekki að skrá þá leið.

Túngarðurinn við Rauðaberg er einnig í mikilli hættu og eina leiðin til að raska honum ekki er að fara í heimreiðina að bænum svo að garðurinn raskist ekki. Ef það er ekki hægt er mælt með því að fara eins nálægt heimreiðinni og hægt er að austanverðu. Að vestan heldur garðurinn áfram, en var ekki skráður þeim megin.

Garður nr. 63 er talinn í mikilli hættu, en auðvelt á að vera að sneiða hjá honum og gæta 15 m reglunnar.

Sýslusteinninn er ekki í hættu og hægt á að vera að komast hjá því að raska honum. Sýslusteinninn sjálfur eru ekki fornleifar, en staðurinn telst til slíkra.

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.



Mynd 3. Staðsetning Sýslusteinsins á Skeiðarársandi. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Orkufjarsskipti-Fornleifafræðistofan).

„Framan við Vigakeldu var völvudys, auðþekkt á því, að í henni voru stuðlabergsdrangar ofan úr fjalli. Þarna voru grafnar tvær völvur. Í tíð þeirra lá ferðamannavegurinn þar hjá, sem dysin er nú. Völvurnar héldu þar til og lifðu á gjöfum ferðamanna, unz greinir gerðust með þeim og þær drápu hvor aðra. Þær voru grafnar við götuna. Af umferð myndaðist tjörn við dysina, og nú er hún sjálf horfin ofan í mýrina. Hannes á Núpsstað man dysina og veit, hvar hún er.“ (Önefnaskrá. Núpstaður. Eftirmáli). Ekki liggur fyrir hvað átt er með „framan við“, en líklega er það ofan við kelduna þar sem líklegast er að gata hafi verið.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þeim þarf að raska vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og þjóðleiðum er ekki fýsileg nema að þeir séu þess eðlis að þverskurð sé hægt að grafa þvert á þær þar sem þær eru hugsanlega upp byggðar, snið teiknað, ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum.

### **Niðurstaða**

Sjö fornleifar/minjar voru skráðar á könnunarsvæðinu. Allar voru í lægsta minja- og varðveisluflokki. Eindregið er mælt með færslu á ljósleiðaranum við Núpstað. Þar þarf að viðhafa framkvæmdaefirlit við hvaða leið sem valin verður.

Sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### **Heimildir**

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

Örnefnaskrá. Núpstaðaður. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpstaðaður. Athugasemdir og viðbætur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpstaðaður. Eftirmáli. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpstaður. Hannes Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

### **Fylgirit**

*Fornleifaskrá:* Skaftárhreppur Nr. 58:1–64:1.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

58

Undirnr.

1

Sýsla

Vestur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Landareign

Núpstaður

MÍ:Nr

Heiti

Vígakelda

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.8.2020

GPS Staðsetning

A 568985,1 N 384134,1

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekkja

Tegund minja

Staður tengdur þjóðtrú

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Skeið 20

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Rétt neðan við þjóðveginn.

Heimildir og munnmæli

sarpur.is Gagnagrunnur Þjóðminjasafns Íslands.

Sótt þann 17.8.2020.

Örnefnaskrá. Núpstaður. Stofnun Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpstaður. Hannes Jónsson skráði.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Núpstaður. Viðbætur. Stofnun Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Staður tengdur þjóðtrú.**

Um 15 x 30 m að umfangi. Viða sést í vatn.

„Vígakelda (264) var djúp tjörn, sem er að fyllast upp. Þarna átti einhver að hafa verið drepinn í fornöld. Í henni eru steinar, sem áttu að hafa verið settir ofan á þann, sem drepinn var. Vegurinn er framan við Vígakeldukrók (265). Keldan taldist vera í honum. Hún lenti framan við veg.“ (sarpur.is. Örnefnaskrá. Hannes Jónsson skráði).

Í viðbótum við örnefnaskrá Núpstaðar segir:

„Framan við Vígakeldu var völvudys, auðþekkt á

því, að í henni voru stuðlabergsdrangar ofan úr

fjalli. Þarna voru grafnar tvær völvur. Í tíð þeirra

lá ferðamannavegurinn þar hjá, sem dysin er nú.

Völvurnar héldu þar til og lifðu á gjöfum

ferðamanna, unz greinir gerðust með þeim og þær

drápu hvor aðra. Þær voru grafnar við götuna. Af

umferð myndaðist tjörn við dysina, og nú er hún

sjálf horfin ofan í mýrina. Hannes á Núpstað man

dysina og veit, hvar hún er.“ (Örnefnaskrá.

Núpstaður. Eftirmáli). Leiðið sásts ekki við

vettvangkönnun.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

|                         |                |                  |        |          |
|-------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                   | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur |                  |        | 59       |
| Landareign              | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Núpstaður               |                |                  |        | 1        |

|                     |           |                       |          |        |         |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.     | GPS Staðsetning       | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020 | A 569199,2 N 384057,0 | Isn 93   |        |         |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Garður       | Egnjagarður        | Skeið 20        | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1550-1900 |           | Ljósleiðari     | Talsverð     | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        | 3                  | Lítið           | 3         | Nei       | Nei             |              |         |

## Legg og staðhættir

Í mýri suður af þjóðveginum, skammt austur af Krossá.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Garður.

Á um 300 x 100 m stóru svæði í mýri. Garðurinn er úr torfi, um 1 - 3 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Garðurinn er víða rofinn af vatnagangi og sumstaðar gætu verið hlið. Norðurhlutinn er rofinn af þjóðveginum.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

|                         |                |                  |        |          |
|-------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                   | Sveitarfélag   | Nív. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur |                  |        | 60       |
| Landareign              | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Núpstaður               |                |                  |        | 1        |

|                     |           |                       |          |        |         |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.     | GPS Staðsetning       | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020 | A 569122,4 N 383996,4 | Isn 93   |        |         |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Reiðgötur    |                    | Skeið 20        | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1550-1900 |           | Ljósleiðari     | Lítill       | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        | 2                  | Lítið           | 2         | Nei       | Nei             |              |         |

## Legg og staðhættir

Sunnan megin við þjóðveginn skammt austur af Krossá. Í móa.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Reiðgötur.

Göturnar ná yfir um 6 - 7 m breitt svæði þar sem mest er og sjá má allt að 9 paldra.

Aðeins er hægt að rekja stuttann kafla norðan við Krossá þar sem hún beygir til austurs.

### Teikning/ljósmynd

#### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

|                         |                |                  |        |          |
|-------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                   | Sveitarfélag   | Nív. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur |                  |        | 61       |
| Landareign              | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Núpstaður               |                |                  |        | 1        |

|                     |           |                       |          |        |         |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.     | GPS Staðsetning       | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020 | A 569662,5 N 384783,6 | Isn 93   |        |         |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Túngarður    |                    | Skeið 20        | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Ágætt           | 1550-1900 |           | Ljósleiðari     | Mikil        | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        | 3                  | Lítið           | 3         | Nei       | Nei             |              |         |

## Legg og staðhættir

Austan við heimreiðina að Núpstað, frá þjóðvegi og að bæ.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Túngarður.

Túngarðurinn var aðeins mældur inn á kaflanum frá þjóðveginum upp að hliðinu við traðirnar. Hann liggur svo áfram norður fyrir bæinn og svo til suðurs.

Garðurinn er úr grjóti, um 1 m breiður og 0,3 - 0,6 m hár.

Mikið er af gróðri báðum megin við garðinn og suðurhlutinn er á kafla hulinn gróðri.

Sunnarlega á garðinum liggur vegur í gegn og suðurendinn er rofinn (af vatni?).

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

|                         |                     |                         |               |                 |
|-------------------------|---------------------|-------------------------|---------------|-----------------|
| <i>Sýsla</i>            | <i>Sveitarfélag</i> | <i>Nív. sveitarfél.</i> | <i>Hverfi</i> | <i>Aðalnr.</i>  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur      |                         |               | 62              |
| <i>Landareign</i>       | <i>Mí:Nr</i>        | <i>Heiti</i>            |               | <i>Undirnr.</i> |
| -                       |                     |                         |               | 1               |

|                     |              |                        |                 |               |                |
|---------------------|--------------|------------------------|-----------------|---------------|----------------|
| <i>Skrásetjari</i>  | <i>Dags.</i> | <i>GPS Staðsetning</i> | <i>Viðmiðun</i> | <i>M.y.s.</i> | <i>Skekkja</i> |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020    | A 578605,9 N 383424,0  | Isn 93          |               |                |

|                     |                           |                        |                  |                  |                        |                     |                |
|---------------------|---------------------------|------------------------|------------------|------------------|------------------------|---------------------|----------------|
| <i>Tegund minja</i> | <i>Tilgáta/Niðurstaða</i> | <i>Verk</i>            | <i>Fjöldi</i>    |                  |                        |                     |                |
| Sýslumörk           | Sýslusteinn               | Skeið 20               | 1                |                  |                        |                     |                |
| <i>Hættumat</i>     | <i>Hætta</i>              | <i>Ástand</i>          | <i>Aldur</i>     | <i>Í eyði</i>    | <i>Tímab. hættumat</i> | <i>Tímab. hætta</i> | <i>Á kort?</i> |
| Ekkert              | Engin                     | Ágætt                  | 1900-            |                  | Ekkert                 | Engin               | Nei            |
| <i>Minjagildi</i>   | <i>Einkunn</i>            | <i>Varðveislugildi</i> | <i>Einkunn 2</i> | <i>Friðlýsa?</i> | <i>Friðlýst?</i>       | <i>Hvenær</i>       |                |
| Lítið               | 3                         | Lítið                  | 3                | Nei              | Nei                    |                     |                |

## Legg og staðhættir

UM 2 m suður af þjóðvegnum á Skeiðarársandi.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Sýslumörk.

Steinn með áletrun. Er hann um 0,3 x 1 m stór og um 1 m hár.

Áletrunin er:

AUSTUR-  
SKAFTAFELLS-  
SÝSLA

Steinninn stendur ofan á minni steini.

Áhöld eru um rétta staðsetningu á sýslumörkunum.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Engra mótvægisáðgerða er þörf.

# Fornleifaskrá

|                         |                |                  |        |          |
|-------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                   | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur |                  |        | 63       |
| Landareign              | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Rauðaberg               |                |                  |        | 1        |

|                     |           |                       |          |        |         |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.     | GPS Staðsetning       | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020 | A 568404,3 N 383624,2 | Isn 93   |        |         |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Garður       |                    | Skeið 20        | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1900-     |           | Ljósleiðari     | Mikil        | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        | 2                  | Lítið           | 2         | Nei       | Nei             |              |         |

## Legg og staðhættir

SV í rótum hraunhóls, sunnan við þjóðvseginn. Á mel.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Garður.

Úr grjóti, 0,2 - 0,4 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár. Tveir armar eru á garðinum sem eru liggja hornrétt á hvorn annan. Á garðinum sem liggur N - S er hlið sunnarlega. A - V garðurinn er mun óljósari. Hugsanlega er þetta hluti af ungrri girðingu sem þarna hefur legið.

### Teikning/Ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

|                         |                |                  |        |          |
|-------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                   | Sveitarfélag   | Nív. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur |                  |        | 64       |
| Landareign              | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Rauðaberg               |                |                  |        | 1        |

|                     |           |                       |          |        |         |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.     | GPS Staðsetning       | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 15.8.2020 | A 567705,5 N 383667,9 | Isn 93   |        |         |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Túngarður    |                    | Skeið 20        | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1550-1900 |           | Ljósleiðari     | Mikil        | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        | 3                  | Lítið           | 3         | Nei       | Nei             |              |         |

## Legg og staðhættir

Austan við heimreiðina að Rauðabergi.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Túngarður.

Túngarðurinn var aðeins mældur austan við hliðið á heimreiðinni að bænum. Hann heldur svo áfram vestan megin og í kringum bæinn.

Úr grjóti, 0,5 - 0,7 m breiður og 0,1 - 0,7 m hár.

Þar sem hann liggur næst hliðinu að austanverðu er hann vart sýnilegur, en um fjóra m austur af því kemur hann í ljós.

Á garðinum er girðing.

Skammt austur af heimreiðinni, suður af túngarðinum er rétt sem ekki var skráð því hún var utan við könnunarsvæðið.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.